

Helga Björnsdóttir

From: Olof.Magnusdottir@reykjavik.is
Sent: fimmtudagur, 9. september 2021 14:26
To: Lilja Björk Björnsdóttir; Helga Björnsdóttir
Subject: Fw: BORGARRÁÐ 2. september 2021: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Sósíalistasflokks Íslands um aðstöðu til keiluiðkunar - R21090019

Tilvísun í mál: R21090019

Sælar

Meðfylgjandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Sósíalistasflokks Íslands um aðstöðu til keiluiðkunar er send menningar-, íþrótt- og tómstundaáði til meðferðar.

Í samræmi við breytt verklag við fundi borgarráðs er fyrirspurnin nú á forræði menningar-, íþrótt- og tómstundaráðs og leggja skal svarið fram á þeim vettvangi þegar það er fullunnið.

Ekki þarf að upplýsa borgarráð um frekari vinnslu málsins

Kveðja,

Ólöf Magnúsdóttir

Skrifstofa borgarstjórnar

Ráðhús Reykjavíkur

s. 411 4703

olof.magnusdottir@reykjavik.is

R21090019

BORGARRÁÐ 2. september 2021: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Sósíalistasflokks Íslands um aðstöðu til keiluiðkunar - R21090019

BORGARRÁÐ 2. september 2021: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Sósíalistasflokks Íslands um aðstöðu til keiluiðkunar - R21090019

Í stefnu í íþróttamálum kemur fram að keiluiþróttin hafi haft aðstöðu í Keiluhöllinni Egilshöll. Þar stendur að nokkur óánægja hafi verið með þá aðstöðu, aðallega vegna sambýlis við almenning. Fram hafa komið hugmyndir um keiluaðstöðu í íþróttamannvirkjum í Suður-Mjódd, í viðbyggingu við Skautahöllina eða í sér keilusal annarsstaðar í borginni. Þá liggja fyrir hugmyndir um byggingu keilusalar í nýju hóteli við KEX hótél við Skúlagötu. Fulltrúi sósíalista spyr hvernig gangi að byggja upp aðstöðu til keiluiðkunar fyrir þau sem æfa keilu og fyrir félög sem stunda keilu? Hvar mun það þá byggjast upp? Mikilvægt er að keiluaðstaða nýtist vel þeim sem æfa keilu og mæti þörfum fatlaðra einstaklinga sem æfa keilu og fulltrúi sósíalista spyr því út í uppbyggingu og hvernig henni miði fram? Einnig spyr fulltrúi sósíalista út í það hvort standi til að fjölga stöðum til keiluiðkunnar svo að þær henti fjölbreyttum þörfum fólks en miðað við stöðuna í dag er t.a.m. erfitt fyrir fólk með flogaveiki að æfa keilu þar sem blikkljós eru reglulega í núverandi keiluaðstöðu, þar sem áherslan er á veislustemningu frekar en æfingarumhverfi og hefur því truflandi áhrif á margt fólk.